

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


29. maí 2024

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um listamannalaun nr. 57/2009 eru lagðar til breytingar í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að styrkja faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna. Með sérstakri áherslu á fjölgun starfslaunasjóða og fjölgun árlegra úthlutunarmánaða. BHM fagnar þessari breytingu og styður efni frumvarpsins. Þó hvetur bandalagið stjórnvöld til að endurskoða upphæð starfslauna samhliða með hliðsjón af almennri launaþróun í landinu síðustu ár. Mikilvægt er að kjör listamanna haldist í horfi við kjör annarra í hagkerfinu. Fjallað er um þróun starfslauna listamanna að neðan.

Á árunum 2011-2024 hækkuðu starfslaun listamanna um 96% meðan launavísitalan hækkaði um 160%. Hefðu starfslaun ársins 2011 verið verðtryggð með þróun launavísitölu væri upphæð þeirra 32% hærrí en nú er.

Mynd 1. Vísitala starfslauna listamanna og launavísitalan, 2011=100



Taflan að neðan sýnir starfslaunaupphæðir hvers árs frá 2011 framreiknaðar á launaverðlag ársins 2024. Hafa starfslaunin rýrnað verulega í samanburði við launaþróun. Að mati BHM er málefnalegt að upphæð starfslauna hækki í 576 þús kr. á mánuði á árinu 2024 svo upphæð ársins 2022 haldi í við þróun launavísitölu. Þannig er átaki stjórnvalda frá árinu 2022 viðhaldið. Að öðru leyti hvetur bandalagið til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Tafla 1. Starfslaunaupphæðir hvers árs framreiknaðar á launaverðlag ársins 2024.

Ár	Starfslaun framreiknuð með launavísitölu á verðlag 2024	Hversu mikið hærrí en nú er?
2011	713	32%
2012	676	26%
2013	662	23%
2014	650	21%
2015	648	20%
2016	616	15%
2017	620	15%
2018	588	9%
2019	573	6%
2020	557	3%
2021	521	-3%
2022	576	7%
2023	544	1%
2024	538	0%

Fyrir hönd BHM,



Kolbrún Halldórsdóttir
Formaður BHM